

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 14/2020.

Reykjavík, 10.11.2020

2020100230

Efni: Innköllun á Til hamingju Granóla Morgungull og Til hamingju Granóla vegna varnarefnis (ethylen oxíð) sem óheimilt er að nota við framleiðslu matvæla.

Nathan & Olsen hf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Til hamingju Granóla Morgungull í 450 g umbúðum og Til hamingju Granóla í 450 g og 1 kg umbúðum** vegna þess að sesamfræ sem notuð voru við framleiðslu matvæla innihalda varnarefnið ethylen oxíð sem óheimilt er að nota við framleiðslu matvæla. Sesamfræin eiga uppruna sinn á Indlandi.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna matvælin sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki	Til hamingju	Til hamingju	Til hamingju
Vöruheiti	Granóla Morgungull	Granóla	Granóla
Nettómagn	450 g	450 g	1 kg
Best fyrir dagsetningar	30.05.2021	27.08.2021	01.09.2021
Framleiðandi	Nathan & Olsen hf., Klettagörðum 19, 104 Reykjavík.		
Dreifing	Bónus, Hagkaup, Krónan, Hlíðarkaup, Nettó, Melabúðin Krambúðin, Kjörbúðin, Iceland, Fjarðarkaup, Verslunin Kassinn, Kjöthöllin, Samkaup Strax, Kaskó, Smáalind/Fjölval, Pétursbúð, Rangá, Hjá Jóhönnu ehf, Verslunin Einar Ólafsson, Verslunin Borg.		

Viðskiptavinir sem keypt hafa ofangreindar vörur eru beðnir um að neyta þeirra ekki og farga eða skila þeim til Nathan & Olsen hf., Klettagörðum 19, 104 Reykjavík.

Frekari upplýsingar veitir Nína Margrét Rolfsdóttir í síma 530 8400/774-4001 eða í tölvupósti [nina.rolfsdottir\[hjá\]1912.is](mailto:nina.rolfsdottir[hjá]1912.is).

